

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2010

frá 10. desember 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2010 frá 10. nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ⁽²⁾ var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 ⁽³⁾ frá 29. maí 2009, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekinn lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 357/2010 frá 23. apríl 2010 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010) í XIII. viðauka við samninginn:

„— **32010 R 0357:** Reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 357/2010 frá 23. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 357/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 81, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 10.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.